

**114. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
20. maí 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1903168 - Dalbrautarreitir - greinargerð lagfæring

Árni Ólafsson arkitekt situr fundinn undir þessum lið.

Breyting á greinargerð deiliskipulags Dalbrautarreits. Breytingin felst í að töflu 2 í kafla 3.5.3 varðandi lágmarksfjölda íbúða. Í töflu 5 undir kafla 3.7 er fjöldi bílastæða í kjallara við Dalbraut 4 breytt úr 45 stæðum í 35 stæði.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 1904143 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. rað- og parhús

Árni Ólafsson arkitekt og skipulagshönnuður fór yfir tillögu að deiliskipulagsbreytingunum.

Kynningarfundur var haldinn 9.maí. Tvær ábendingar komu fram. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að lóðum við Akralund 8, 10, 12 og 14 verði breytt úr fjölbýlishúsalóðum í einnar til tveggja hæða par- og raðhúsalóðir.

3. 1811123 - Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfangi

Árni Ólafsson arkitekt kynnti drög að deiliskipulagi við Skógarhverfi 3. áfanga. Árni Ólafsson vikur af fundi.

4. 1905206 - Hleðslustöðvar á Akranesi - samstarf

Tillaga að staðsetningu hleðslustöðva á Akranesi.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fór yfir hugsanlegar staðsetningar á hleðslustöðvum á Akranesi. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að horft verði til að byrja með til staðsetninga við Íþróttahúsið við Vesturgötu, Jaðarsbakka og Frístundarmiðstöð.

5. 1904131 - Flóahverfi - uppbygging

Flóahverfi, hugmynd um að skipta reitnum niður í klasa

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri og Sigríður Steinunn Jónsdóttir verkefnastjóri fór yfir hugmyndir að skipta reitnum niður eftir atvinnuflokkum. Sævari Frey Þráinssyni falið að vinna málið áfram.

6. 1812094 - Akranes ferja - flóasiglingar 2020

Staða og hugmynd að annarri útfærslu.

Sigríður Steinunn Jónsdóttir verkefnastjóri fór yfir samantekt um ferjusiglingar 2017 og ræddi framtíðarmöguleika á útfærslu á fyrirhuguðum ferjusiglingum 2020.

7. 1806072 - Vesturgata 130B - fimleikahús, umsókn um byggingarleyfi

Corten klæðning á Íþróttahúsið.

Skipulags- og umhverfisráð felur Sigurði Páli Harðarsyni sviðsstjóra að ræða við hönnuð um frekari útfærslu.

8. 1905275 - Faxabraut 10 - framtíð hússins

Sigríður Steinunn Jónsdóttir verkefnastjóri fór yfir hugmyndir um framtíð hússins.

9. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi viðauka við fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019. Skipulags- og umhverfisráð vísar viðaukanum til samþykktar í bæjarráði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.

Ragnar Samundsson

Guðrun Jón. Jóhannsdóttir

Sigríður H.
Stefán Þór Steindarsson

Óindri Birgisson